

dóminn, yfirdómsmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gislasonar 12 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. d. desembermán.

Nr. 28/1910:

Stefán Th. Jónsson

gegn

Frederikshavns Jernstøberi og
Maskinfabrik, Brødrene Houmøller.

D ó m u r :

Með gestaréttardómi Seyðisfjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 18. apríl þ. á., var áfrýjandinn Stefán Th. Jónsson, konsúll á Seyðisfirði, dæmdur til að greiða stefnda Bjarna Þ. Johnsen yfirréttarmálaflutningsmanni fyrir hönd hlutafélagsins Frederikshavns Jernstøberi og Maskinfabrik, Brødrene Houmøller, 1202 kr. 34 a. með 6 % ársvöxtum frá 1. júlí 1908 til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 7. maí þ. á., og krafist þess, að málinu verði vísað frá gestaréttinum, eða til vara, að verða algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnda, og að sér verði, hvernig sem málið fer, dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Af hálfu hins stefnda er þess krafist, að dómurinn verði staðfestur og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Frávísunarkrafan er fyrir yfirdóminum rökstudd með því, að sakarefnið sé í gestaréttarstefnunni eigi nægilega tiltekið, að áfryjanda hafi verið stefnt til að greiða ákveðna skuldarupphæð, en eigi verið tilgreint, hvernig á þeirri skuld stæði. En það þykir eigi vera næg ástæða til að frávísa málinu fyrir þessa sök, með því að áfryjandi meðtók frá hlutafélaginu nokkru áður en málssóknin hófst, reikning yfir hina umstefndu skuld, svo og tilkynningu um málssókn, ef hann greiddi eigi töluvert af henni með næstu skipsferð, og því er eigi haldið fram, að um nein önnur skuldaskifti milli málsaðila geti verið að ræða, svo að áfryjandi gat eigi verið í vafa um, að í stefnunni væri átt við sömu skuldina, er hann hafði meðtekið reikning yfir með hótun um málssókn, ef til kæmi. Frávísunarkrafan verður því eigi tekin til greina.

Málið sjálft er risið út af því, að árið 1908 komst áfryjandi í viðskiftasamband við hið stefnda hlutafélag fyrir milligöngu umboðsmanns þess hér á landi. Í marz mánuði nefnt ár pantaði áfryjandi 6 hesta bátsmótor og nokkrum dögum síðar 10 hesta mótor, og enn pantaði hann 1. apríl s. á. 8 hesta mótor. Í fyrsta bréfi sínu til áfryjanda, 13. marz, tók félagið það fram, að venjulegir borgunarskilmálar þess við mótorsölu til Íslands væru, að $\frac{1}{8}$ verðs greiddist um leið og pöntun væri send, en $\frac{2}{3}$ við móttöku farmskirteinis í peningum, að frádregnum 2%, en þó mundu þeir ekki vera ótilleiðanlegir til að taka 3 mánaða víxil sem gilda borgun. Í bréfi 15. marz fór áfryjandi fram á, að borguninni fyrir 6

hesta mótorinn yrði hagað þannig, að hann greiddi $\frac{1}{8}$ hluta verðs við móttöku, en samþykkti 3 mánaða víxil fyrir $\frac{2}{8}$ hlutum, og að mótorinn væri sendur útbúi Íslandsbanka á Seyðisfirði til afhendingar gegn þannig lagaðri borgun, og þetta samþykkti félagið í bréfi 16. s. m. Um borgun fyrir hina mótorana 2 setti félagið sömu skilmála, og hreifði áfryjandi engum mótmælum gegn því. Félagið sendi síðan mótorana til útbús Íslandsbanka á Seyðisfirði 2. og 8. apríl og 29. maí, og borgaði áfryjandi fyrsta mótorinn þegar við komu hans til Seyðisfjarðar en hina 2 útleysti hann ekki, þrátt fyrir ítrekaðar kröfur stefnda. Í bréfi 19. maí skýrði hann stefnda frá, að kaupandinn að 10 hesta mótornum sæi sér ekki fært að útvega peninga til að borga hann, en stefndi svaraði því 2. júní, að hann engu að síður yrði að krefjast að áfryjandi borgaði mótorinn, með því að þeir ættu að eins við hann um kaupin. Áfryjandi athugaði eigi neitt við þetta fyr en í bréfi 12. desember s. á., að hann lét stefnda vita, að hann gæti eigi samþykkt að borga þeim mótorana fyr en hann hefði selt þá. Stefndi mótmælti þessu í bréfi 12. janúar f. á. og eftir það skrifaði hann áfryjanda nokkur bréf og bauð honum m. a. að taka aftur við mótorunum gegn því að hann borgaði verðryrnun þeirra, flutningsgjald 0. fl., 536 kr. 90 aur. fyrir stærri mótorinn og 500 kr. auk flutningsgjalds fyrir hinn minni. En áfryjandinn svaraði eigi þessu tilboði, og lauk svo, að félagið lét flytja báða mótorana frá Seyðisfirði til umboðsmanns síns í Reykjavík, og seldi hann stærri mótorinn með 300 kr. afslætti en minni mótorinn tilkynnti félagið áfryjanda í bréfi 26. okt. f. á. að væri geymdur í Reykjavík á kostnað hans og ábyrgð. Stefndi

höfðaði síðan þetta mál og krafðist hjá áfrýjanda fulls andvirðis fyrir minni mótórin en 536 kr. 90 a. skaðabóta fyrir verðfall og flutning á hinum stærri mótó. Þessi síðari krafa vara tekin til greina í gestaréttardómnum, hin fyrri ekki, en stefnda voru dæmdar 500 kr. skaðabætur hjá áfrýjanda fyrir minni mótórin. Aðrir kröfupóstar í reikningi stefnda, er gestarétturinn tók til greina, voru 13 kr. 50 a. vátryggingargjald fyrir fyrsta mótórin, sem áfrýjandi að öðru leyti borgaði, 62 kr. 20 aur. fyrir vörur til annars manns, er félagið sendi áfrýjanda til afhendingar gegn borgun, og 407 kr. 22 aur., sem áfrýjandi viðurkendi rétt tilfærðar, en frá öllum þessum upphæðum, samtals 1591 kr. 82 aur., voru dregnar 317 kr. 48 aur., sem áfrýjandi hefir greitt samkvæmt reikningum, og varð þannig dómsupphæðin 1202 kr. 34 aur.

Um það er eigi ágreiningur, að áfrýjandi hafi átt að borga mótórana við móttöku þeirra, sem fyr segir, en hann heldur því fram, að þetta sé ekki svo að skilja, að hann hafi átt að taka við þeim þegar er þeir komu til Seyðisfjarðar í hendur útbús Íslandsbanka, en það sé þar á móti réttur skilningur á skilmálunum, að honum hafi eigi verið skylt að taka við mótórunum fyr en hann hefði selt þá og fengið borgun fyrir þá, en þangað til hafi þeir átt að vera í ábyrgð og vörzlu stefnda hjá útbúinu; hann hafi verið fulltrúi stefnda og selt mótórana í umboði hans, og stefnda hafi verið kunnugt um, að áfrýjandi pantaði ekki mótórana handa sjálfum sér og hafi því eigi með réttu getað búist við, að áfrýjandi vildi ábyrgjast að þeir, sem pöntuðu mótórana hjá honum, tækju þá strax og borguðu.

Það er viðurkennt, að áfryjandi var aukafulltrúi (Under-agent) stefnda við mótorsölu á Seyðisfirði og fekk að launum 15% af andvirði motoranna sjálfra og 20% af andvirði lausastykkja, er þeim fylgdu. En af þessu leiðir ekki, að ábyrgð hans hafi verið þannig takmörkuð, sem hann heldur fram, og verður að telja hitt réttara eftir öllum málavöxtum, að áfryjandi hafi tekið á sig fulla ábyrgð á sölu motoranna og borgun þeirra, og að hann gagnvart stefnda hafi haft sömu skyldu eins og hann væri sjálfur kaupandi. Það er í sjálfu sér eðlilegt, að stefndi hafi eigi viljað senda áfryjanda jafn verðmæta vöru sem motorvélar þessar upp á von og óvon, hvort þær yrðu seldar eða ekki, og bréfin, sem fóru milli málsaðila, sýna, að þetta var eigi tilætlun þeirra, enda hafði áfryjandi fengið kaupendur að motorunum áður en hann pantaði þá. Eftir bréfum stefnda, sérstaklega bréfi 1. apríl 1908, gat áfryjandi ekki verið í vafa um að borgunarskilmálunum skyldi fullnægja þegar mórórarnir kæmu til Seyðisfjarðar, enda útleysti hann fyrsta motorinn viðstöðulaust, er hann kom þangað, og hann hafði eigi ástæðu til að ætla, að stefndi vildi selja hina motorana með lengri borgunarfresti, því síður sem hann þegar í fyrsta bréfi sínu hafði tjáð áfryjanda, að þessi borgunarkjör væru vægari en hann var vanur að setja við sölu mótorana til Íslands. Samkvæmt því, sem nú hefir verið sagt, verður að álíta að áfryjandi hafi vanhaldið samning sinn við stefnda, er hann leysti eigi út motorana, og var stefnda því heimilt að selja þá á kostnað áfryjanda, og krefja hann um það, er til vantaði, að stefndi yrði skaðlaus við söluna. Eins og fyr er getið, lét stefndi flytja stærri motorinn til Reykjavíkur og umboðsmann sinn

þar selja hann, og með því að ekki hefir verið sýnt fram á, að mótor þessi hafi á annan hátt orðið seldur með betra árangri fyrir áfrýjanda, verður að telja það rétt, að stefnda voru dæmdar í skaðabætur hjá áfrýjanda fyrir þann mótor 536 kr. 90 aur., en það eru 300 kr. verðfall á honum við söluna og 236 kr. 90 aur. flutningsgjald frá Frederikshavn til Seyðisfjarðar, sem ekki hefir verið sérstaklega mótmælt. Hinn mótorinn sendi stefndi og til Reykjavíkur, en eigi virðist hafa verið gjörð nein tilraun til að selja hann, og umboðsmaður stefnda lýsti því skriflega yfir 10. febrúar þ. á., að mótor þessi hafi verið svo skemdur af ryði, er hann kom frá Seyðisfirði, að skaða á honum yrði að telja 500 kr. rúmlega. En áfrýjandi hefir mótmælt þessari yfirlýsingu sem rangri, og neitað því, að mótorinn hafi verið skemdur, þegar hann kom frá Seyðisfirði. Það brestur því sönnun gegn neitun áfrýjanda fyrir þessum skemdum, og með því að eigi er að öðru leyti upplýst, hvort stefndi hafi beðið tjón við það, að áfrýjandi útleysti eigi þennan mótor — en flutningsgjald til Seyðisfjarðar greiddi stefndi fyrir hann — þá virðast eigi vera nægar skýrslur fyrir hendi til þess að stefnda verði dæmd þessi skaðabótaupphæð eins og gjört er í hinum áfrýjaða dómi.

Af framangreindum upphæðum kr. 13,50 og kr. 60, 20, er áfrýjanda var með dómnum gjört að borga, er hin fyrri váttryggingargjald fyrir fyrsta mótorinn, og mótmælir áfrýjandi að greiða hana, af því að hún hafi eigi verið tilfærð á reikningi yfir mótorinn, er hann hafi borgað að fullu, og hafi því krafa um hana komið of seint. En með því að eigi verður fallist á, að krafa þessi eigi að falla ógild af þessari ástæðu og hún er að öðru

leyti eigi vefengd, verður áfrýjandi eigi losaður við að greiða upphæðina. Síðarnefnda upphæð verður hann og að greiða stefnda, með því að umræddar vörur voru sendar honum í því skyni að hann tæki borgunina um leið og hann afhenti þær.

Ennfremur hefir áfrýjandi mótmælt ákvæði dómsins um vaxtagreiðslu frá 1. júlí 1908, með því að eigi hafi verið samið um vexti. Þessum mótmælum hefir eigi verið hrundið og verður því að taka þau til greina og reikna vexti að eins frá stefnudegi 3. desember 1909.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að frá dómsupphæðinni, kr. 1202,34 aur., ber að draga 500 kr. og dæma áfrýjanda þannig til að greiða stefnda 702 kr. 34. aur. með 6% ársvöxtum frá 3. desember f. á. til borgunardags.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Stefán Th. Jónsson greiði stefnda Bjarna P. Johnsen fyrir hönd Frederikshavns Jernstöberi og Maskinfabrik, Brödrene Houmøller, 702 kr. 34 aur. með 6% ársvöxtum frá 3. desember 1909 til borgunardags. Málskostnaður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.